

Alþingi
Erindi nr. P 138/2575
komudagur 27.5.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10

150 Reykjavík


Reykjavík, 26. maí 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferjusiglingar frá Bretlandseyjum til og frá Vestmannaeyjum, 527. mál.

Þingsályktunartillagan felur það í sér að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hafi forgöngu um að kanna til hlítar hagkvæmni á ferjusiglingum frá Bretlandseyjum til Vestmannaeyja þegar ný Landeyjahöfn hefur verið tekin í notkun.

Samtök atvinnulífsins líta á það sem verkefni fyrirtækja og atvinnulífsins að koma á og standa fyrir ferjusiglingum á umræddri leið sé það talið hagkvæmt. Vilji stjórnvöld hafa frumkvæði að könnun á hagkvæmni slíkra siglinga er eðlilegt að hún sé m.a. unnin í samvinnu við þá sem þegar reka ferjusiglingar milli Íslands og Evrópu og skipafélög sem nú annast flutninga til Bretlands með viðkomu í Vestmannaeyjum.

Virðingarfyllst,


Halldór Árnason